

Fundargerð

8. fundar Hafnarnefndar Djúpavogshrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur var haldinn í Hafnarnefnd Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, mánudaginn 30. mars 2020 kl. 09:00. Fundinn sátu Eiður Ragnarsson formaður, Sigurjón Stefánsson, Ævar Orri Eðvaldsson, Stefán Guðmundsson hafnarvörður og Gauti Jóhannesson sveitar- og hafnarstjóri. Formaður ritaði fundargerð og stjórnaði fundi.

Dagskrá var eftirfarandi:

1. Tölvupóstur frá Vegagerðinni varðandi endurnýjun á stálpili í Djúpavogshöfn
2. Ný hafnarvog.
3. Erindi frá Umhverfisstofnun varðandi mengunarvarnir í höfnum.
4. Olíuafgreiðsla við Djúpavogshöfn.

-
1. Nýlega kynnti ríkisstjórnin að hún hyggst flýta framkvæmdum á samgönguáætlun og byrja á öðrum sem eru þar ekki inni. Í tillögu frá Vegagerðinni var lagt til að endurbyggja skuli allan hafnarkantinn á Djúpavogi í stað þess að áfangaskipta verkefninu líkt og það var á áætlun. Einnig er lagt til að byrjað verði fyrir en áætlað var og ætti undirbúningur að hefjast strax á þessu ári og framkvæmdir veturinn 2021

Hafnarstjórn fagnar flýtingunni og leggur áherslu á að undirbúningi og hönnun verði lokið sem fyrst til að tryggja að verkið klárast sem fyrst.

2. Búið er að panta nýja hafnarvog frá framleiðandanum Cardinal í Bandaríkjunum í gegnum fyrirtækið Vogir og Lagnir ehf. Einhverjar tafir gætu orðið á afhendingu, en verið er að leita tilboða í flutning innan Bandaríkjana og verið að reyna að fá sem hagstæðast verð fyrir sveitarfélagið.
3. Erindi frá Umhverfisstofnun varðandi flokkun hafna með tiliti til mögulegra mengunarslysa og mengunarvarnabúnað í þeim. Djúpavogshöfn er samkvæmt þessari flokkun í flokki 2. Ljóst er að yfirfara þarf viðbragðsáætlanir og búnað með tiliti til þessa og athuga með mögulegt samstarf og samnýtingu á búnaði við Hornafjarðarhöfn og/eða við Fjarðabyggðarhafnir.
4. Olíuafgreiðsla við Djúpavogshöfn. Olíufélögin N1 og Skeljungur eru með afgreiðslu á litaðri olíu við Djúpavogshöfn. Umgegni við þessar afgreiðslur er slæm, og aðgengi hættulegt þeim sem það nota. Úrbóta er þörf sem allra fyrst. Hafnarstjórn felur hafnarstjóra að senda olíufélögunum erindi um málið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 09:35

